


# HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA FYRIR SUMA?

**Málþing um öryrkja og heilbrigðisþjónustu**

**Háskólatorgi, HT-101, 5. febrúar**

**Kl. 15:00 - 17:00**

# Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi

Stefán Þór Gunnarsson, aðferðafræðingur og verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ

Unnið fyrir ÖBÍ réttindasamtök og Prófessor Rúnar Vilhjálmsson

# Framkvæmd

- Netkönnun meðal 9.371 manna úrtaks úr netpanel Félagsvísindastofnunar
- 3.574 svarendur og 38% svarhlutfall.
- Gögn vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.

# Ert þú með metna örorku?

| | Fjöldi | Vigtaður fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Nei | 2.882 | 2.759 | 82% |
| Já, 25% til 74% | 213 | 230 | 7% |
| Já, 75% til 100% | 344 | 384 | 11% |
| **Fjöldi** | 3.439 | 3.373 | 100% |
| Svarar ekki | 135 | 201 | |
| **Fjöldi alls** | 3.574 | 3.574 | |

# Hversu góða eða slæma metur þú almennt líkamlega heilsu þína?



# Hversu góða eða slæma metur þú almennt líkamlega heilsu þína?

| | Góða | Í meðallagi | Slæma | Fjöldi | Góða |
|---|---|---|---|---|---|
| *Heild* | 54% | 29% | 17% | 3.566 | 54% |
| *Kyn**** | | | | | |
| Karlar | 53% | 32% | 15% | 1.755 | 53% |
| Konur | 55% | 26% | 19% | 1.809 | 55% |
| *Einstaklingstekjur eftir skatt**** | | | | | |
| 300 þ. eða lægri | 38% | 25% | 36% | 383 | 38% |
| 301–500 þ. | 46% | 32% | 22% | 1.012 | 46% |
| 501–700 þ. | 63% | 27% | 10% | 793 | 63% |
| 701–1.100 þ. | 67% | 27% | 6% | 490 | 67% |
| Hærri en 1,1 m. kr | 74% | 20% | 6% | 120 | 74% |

# Hversu góða eða slæma metur þú almennt andlega heilsu þína?



# Hversu góða eða slæma metur þú almennt andlega heilsu þína?

| | Góða | Í meðallagi | Slæma | Fjöldi | Góða |
|---|---|---|---|---|---|
| *Heild* | 61% | 26% | 13% | 3.562 | 61% |
| *Kyn* | | | | | |
| Karlar | 62% | 25% | 13% | 1.751 | 62% |
| Konur | 61% | 26% | 13% | 1.809 | 61% |
| *Einstaklingstekjur eftir skatt**** | | | | | |
| 300 þ. eða lægri | 51% | 25% | 24% | 378 | 51% |
| 301–500 þ. | 56% | 28% | 16% | 1.013 | 56% |
| 501–700 þ. | 64% | 25% | 11% | 793 | 64% |
| 701–1.100 þ. | 72% | 23% | 5% | 490 | 72% |
| Hærri en 1,1 m. kr | 81% | 16% | 3% | 120 | 81% |

# Ert þú með einhvern langvinnan sjúkdóm sem læknir hefur staðfest?

| | Já | Nei | Fjöldi | Já |
|---|---|---|---|---|
| *Heild* | 50% | 50% | 3.542 | 50% |
| *Kyn**** | | | | |
| Karlar | 46% | 54% | 1.740 | 46% |
| Konur | 53% | 47% | 1.799 | 53% |
| *Menntun**** | | | | |
| Grunnskólanám | 54% | 46% | 738 | 54% |
| Verklegt framhaldsskólanám | 53% | 47% | 717 | 53% |
| Bóklegt framhaldsskólanám | 51% | 49% | 551 | 51% |
| Háskólanám | 45% | 55% | 1.357 | 45% |
| *Örorka**** | | | | |
| Nei | 43% | 57% | 2.741 | 43% |
| Já, 25% til 74% | 62% | 38% | 228 | 62% |
| Já, 75% til 100% | 92% | 8% | 378 | 92% |
| *Einstaklingstekjur eftir skatt**** | | | | |
| 300 þ. eða lægri | 60% | 40% | 377 | 60% |
| 301–500 þ. | 57% | 43% | 1.007 | 57% |
| 501–700 þ. | 46% | 54% | 791 | 46% |
| 701–1.100 þ. | 39% | 61% | 489 | 39% |
| Hærri en 1,1 m. kr | 45% | 55% | 120 | 45% |

# Ert þú með fötlun af einhverju tagi (langvinna starfs- eða hreyfiskerðingu)?

HÍ

| | Já | Nei | Fjöldi | Já |
|---|---|---|---|---|
| *Heild* | 12% | 88% | 3.528 | 12% |
| *Kyn** | | | | |
| Karlar | 13% | 87% | 1.737 | 13% |
| Konur | 11% | 89% | 1.789 | 11% |
| *Menntun**** | | | | |
| Grunnskólanám | 20% | 80% | 739 | 20% |
| Verklegt framhaldsskólanám | 16% | 84% | 716 | 16% |
| Bóklegt framhaldsskólanám | 11% | 89% | 551 | 11% |
| Háskólanám | 7% | 93% | 1.355 | 7% |
| *Örorka**** | | | | |
| Nei | 4% | 96% | 2.746 | 4% |
| Já, 25% til 74% | 24% | 76% | 228 | 24% |
| Já, 75% til 100% | 65% | 35% | 363 | 65% |
| *Einstaklingstekjur eftir skatt**** | | | | |
| 300 þ. eða lægri | 16% | 84% | 376 | 16% |
| 301–500 þ. | 20% | 80% | 999 | 20% |
| 501–700 þ. | 6% | 94% | 791 | 6% |
| 701–1.100 þ. | 5% | 95% | 490 | 5% |
| Hærri en 1,1 m. kr | 4% | 96% | 120 | 4% |

# Tekjur einstaklings í krónum eftir skatt.



# Hversu oft hefur þú farið til heimilislæknis, eða læknis á heilsugæslustöð undanfarna 12 mánuði?
*Meðaltöl*



# Hversu oft hefur þú farið til … … undanfarna 12 mánuði?
## *Meðaltöl*




… sérgreinalæknis




… sjúkraþjálfara




… sálfræðings




… félagsráðgjafa




… hjúkrunarfræðings

# Hefur þú þurft að fara til læknis einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því?

*Hlutfall sem sagði já.*



# Hefur þú fengið lyfi ávísað á þig í apóteki einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en ekki leyst út lyfið?
*Hlutfall sem sagði já.*



# Þurftir þú að fara til sjúkraþjálfara einhvern tíma á síðastliðnum 6 mánuðum, en hættir við það eða frestaðir því? *Hlutfall sem sagði já.*



# Hver áætlar þú að hafi verið heildarkostnaður þinn vegna notkunar á læknisþjónustu fyrir sjálf(a/an/t) þig á síðasta ári (2024)? Hér er átt við kostnað vegna bæði meðferðar og rannsókna.



# Hver áætlar þú að hafi verið kostnaður þinn vegna lyfja samkvæmt lyfseðli á síðasta ári (2024)?



# Hjúskaparstaða



# Að lokum

- Heilsufar fólks með örorku er marktækt verra en meðal almennings. Einstaklingar með 75–100% örorku meta bæði líkamlega og andlega heilsu sína mun verr en þeir sem ekki eru með örorku.
- Andleg vanlíðan er algengari meðal fólks með örorku og meðal fólks í tekjulægri hópum. Hlutfall þeirra sem meta andlega heilsu sína sem slæma er tvö- til þrefalt hærra meðal fólks með örorku en í hópi þeirra sem ekki eru með örorku.
- Sjálfsmat á heilsu er verra þegar örorka eykst og tekjur lækka. Tengsl örorku og tekna við sjálfsmat á heilsu eru skýr.
- Fólk með örorku nýtir heilbrigðisþjónustu oftar en aðrir. Þau fara oftar til heimilislækna, sérgreinalækna, sjúkraþjálfara og sálfræðinga en aðrir hópar í samfélaginu.
- Fólk með örorku ber að jafnaði hærri kostnað. Lægri tekjur og meiri heilbrigðisþörf leiða til þess að útgjöld vega þyngra fyrir fólk með örorku en fyrir aðra.

# Að lokum frh.

- Lyfjakostnaður er sérstaklega mikill meðal fólks með örorku. Um þriðjungur fólks með 75–100% örorku greiðir yfir 80.000 kr. á ári fyrir lyf samkvæmt lyfseðli.
- Einnig greiðir fólk með örorku meira fyrir lyf án lyfseðils. Þeir sem eru með meiri örorku eru að jafnaði með hærri kostnað vegna lyfjakaupa án lyfseðils.
- Kostnaður vegna tannlæknaþjónustu er yfir 80.000 krónum hjá um fjórðungi heimila. Hlutfallið er marktækt hærra í hópi fólks með örorku.
- Lægri tekjur tengjast lakari heilsu og meiri lyfjanotkun. Í lægsta tekjuþrepi metur stór hluti heilsu sína sem slæma og hefur mikinn lyfjakostnað.
- Flest heimili greiða lítið fyrir sjúkraþjálfun, en fólk með örorku greiðir oftar meira. Þeir sem eru með meiri örorku eru líklegri til að greiða 80.000 kr. eða meira fyrir sjúkraþjálfun á ári.
- Sjúkraflutningar og hjálpartæki eru almennt lítill útgjaldaliður fyrir flest heimili. Hins vegar getur kostnaður orðið verulegur hjá litlum hópi sem þarf sértæka þjónustu eða búnað.

# Samantekt

Fólk með örorku ber tvöfalda byrði. Þau glíma við lakara heilsufar og meiri þörf fyrir þjónustu, en þurfa jafnframt að standa undir meiri útgjöldum úr eigin vasa þrátt fyrir að vera almennt með lægri tekjur en aðrir.

Takk fyrir!




# HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA FYRIR SUMA?

**Málþing um öryrkja og heilbrigðisþjónustu**

**Háskólatorgi, HT-101, 5. febrúar**

**Kl. 15:00 - 17:00**

# Kostnaður og aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor

Erindi á opnu málþingi um Öryrkja og  heilbrigðisþjónustu á vegum Öryrkjabandalags Íslands, Háskólatorgi, Háskóla Íslands, 5. febrúar 2026.

# Talnagögn um heilsufar og heilbrigðisþjónustu:

Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (skýrsla).

# Tengsl 6 bakgrunnsbreyta við örorku[1]

| | Hlutfall örorku (75%) |
|---|---|
| Karl | 9,1% |
| Kona | 13,6% |
| 18-30 ára | 7,2% |
| 31-45 ára | 9,7% |
| 46-60 ára | 16,5% |
| 61+ ára | 11,1% |
| Giftur/Sambúð | 7,8% |
| Einhleypur | 10,7% |
| Fráskilinn | 20,7% |
| Ekkja/Ekkill | 13,5% |
| Grunnskóli | 21,3% |
| Framhaldsskóli | 9,5% |
| Háskóli | 5,9% |
| Reykjavík | 10,4% |
| Nágr. sveitarfélög Rvk | 8,6% |
| Landsbyggð | 14,3% |
| Lágtekjur[2] | 13,7% |

Hlutfall örorku í heildarhóp:
**11,4%**

[1] Marktæk tengsl eru milli allra bakgrunnsbreyta og örorku ($p<0.05$).

[2] Lágtekjur miðast við ≤60% af miðgildi veginna ráðstöfunartekjum fjölskyldu.

[3] Fátækt miðast við ≤50% af miðgildi veginna ráðstöfunartekjum fjölskyldu.

# Fjárhagur öryrkja og annarra

| | Öryrkjar | Aðrir |
|---|---|---|
| | | |
| Lágtekjur heimilis (60% af miðgildi ráðst.tekna) | 19,9% | 15,2% |
| Lægsti tekjuhópur (≤500 þús. á mánuði) | 28,8% | 11,9% |
| | | |

## Heilsufar öryrkja og annarra

| | Öryrkjar | Aðrir |
|---|---|---|
| | | |
| Slæm líkamleg heilsa | 63,4% | 10,9% |
| Slæm andleg heilsa | 29,7% | 10,6% |
| | | |

# Útgjöld vegna heilbrigðismála

## Áætluð bein heildarútgjöld heimilis vegna heilbrigðismála árið 2024[1]

| | **Meðaltal** |
|---|---|
| **Heild (18+ ára)** | **290.407** |
| Giftir/sambúð | 329.160 |
| 46-60 ára einstakl. | 331.161 |
| Nágrannasv.f. Rvk. | 312.083 |
| Öryrkjar (75%) | 352.516 |
| Hæsti tekjuhópur (> 1,5 m. á mán.)[2] | 331.491 |
| | |

Heildarútgjöld vegna heilbrigðismála heimilis innihalda útgjaldaliði hvort sem eru með eða án kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga (þ.e. heimsóknir til heilbrigðisstarfsmanna, lyf með og án lyfseðils, tæki og lyfjabúðarvörur, sjúkra- og hjúkrunarvörur og sjúkraflutninga).

[2] Tekjur miðast við ráðstöfunartekjur heimilis á mánuði eftir skatt

Gögn:

Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

Áætluð bein heildarútgjöld heimilis vegna heilbrigðismála sem hlutfall (%) af ráðstöfunartekjum heimilis árið 2024.

| | **Hlutfall** |
|---|---|
| **Heild** | **3,92%** |
| | |
| 18-30 ára einstakl. | 5,50% |
| | |
| Fráskildir | 5,76% |
| | |
| Einstæðir foreldrar | 6,82% |
| | |
| Öryrkjar (75%) | 5,87% |
| | |
| Lægsti tekjuhópur (≤ 500 þ. á mán.)[1] | 9,73% |

[1] Tekjur miðast við ráðstöfunartekjur heimilis á mánuði eftir skatt

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

Áætluð bein útgjöld einstaklinga vegna eigin læknisþjónustu og lyfseðilskyldra lyfja í þús. árið 2024

| | **Meðaltal** |
|---|---|
| **Heild** | **69.688** |
| | |
| Konur | 72.401 |
| 61 árs og eldri | 76.874 |
| Fráskildir | 77.099 |
| Öryrkjar (75%) | 95.893 |
| Lægsti tekjuhópur (≤ 500 þ. á mán.)[1] | 77.099 |

[1] Tekjur miðast við ráðstöfunartekjur einsgtaklings á mánuði eftir skatt

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

Áætluð bein útgjöld einstaklinga vegna eigin læknisþjónustu og lyfseðils-skyldra lyfja sem hlutfall af ráðstöfunartekjum einstaklinga árið 2024.

| | Hlutfall |
|---|---|
| **Heild** | **1,55%** |
| | |
| 18-30 ára | 2,14% |
| | |
| Fráskildir | 1,87% |
| | |
| Einstæðir foreldrar | 2,05% |
| | |
| Grunnskólamenntaðir | 2,54% |
| | |
| Öryrkjar (75%) | 2,78% |
| | |
| Lægsti tekjuhópur (≤500 þús. á mán.)[1] | 2,90% |

[1] Tekjur miðast við ráðstöfunartekjur einstaklings á mánuði eftir skatt

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

# Frestun heilbrigðisþjónustu

Frestun á læknisþjónustu sem þörf var fyrir og lyf ekki sótt í apótek á síðastliðnum 6 mánuðum (18 ára og eldri).

| | Frestun læknisþj. | Lyf ekki sótt |
|---|---|---|
| | | |
| Öryrki (75%) | 35,1% | 26,8% |
| Aðrir fullorðnir | 23,0% | 12,7% |
| | | |

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2024): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).




[1] Heild vísar til allra sem þátt tóku í könnuninni

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

## Frestun læknisþjónustu sem þörf var fyrir (síðastliðna 6 mánuði)




Gögn:

Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

## Ástæður frestunar læknisþjónustu
## (% af þeim sem fresta)

| | Öryrkjar | Aðrir |
|---|---|---|
| Of dýrt (kostnaður) | 23,8% | 9,8% |
| Vissi ekki hvert ætti að leita | 10,8% | 10,8% |
| Upptekin/n | 17,7% | 28,7% |
| Of tímafrekt | 6,9% | 13,2% |
| Fékk ekki tíma nægilega fljótt | 27,7% | 41,7% |
| Taldi að ferðin myndi ekki gera gagn | 30,8% | 28,3% |

# Ávísað lyf sem einstaklingar sóttu ekki í apótek (síðastliðna 6 mánuði)




[1] Heild vísar til allra sem þátt tóku í könnuninni

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

# Ávísað lyf sem einstaklingar sóttu ekki í apótek (síðastliðna 6 mánuði)




Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

## Ástæður þess að lyf var ekki sótt í apótek (% af þeim sem ekki sóttu)

| | Öryrkjar | Aðrir |
|---|---|---|
| Of dýrt (kostnaður) | 22,7% | 19,3% |
| Upptekin/n | 2,1% | 3,3% |
| Of tímafrekt | 2,1% | 0,5% |
| Taldi að lyfið myndi ekki gera gagn | 51,5% | 55,6% |
| Lyfið var ekki komið í apótek (lyfjagátt) | 2,1% | 5,2% |

Tengsl milli heilbrigðisútgjalda heimilis og frestunar einstaklinga á læknisþjónustu

Áætlað hlutfall heilbrigðisútgjalda af ráðstöfunartekjum heimilis

| | 0-1,99% | 2-3,99% | 4-5,99% | 6-7,99% | 8+% |
|---|---|---|---|---|---|
| Frestun einstaklings á læknisþjónustu | 19,4% | 20,8% | 27,8% | 29,2% | 44,6% |

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

## Tengsl milli heilbrigðisútgjalda heimilis og þess að leysa ekki út ávísað lyf

Áætlað hlutfall heilbrigðisútgjalda af ráðstöfunartekjum heimilis

| | **0-1,99%** | **2-3,99%** | **4-5,99%** | **6-7,99%** | **8+%** |
|---|---|---|---|---|---|
| Einstaklingur leysti ekki út sitt lyf | 11,6% | 11,5% | 16,2% | 24,3% | 25,5% |

Gögn:
Félagsvísindastofnun (2025): Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi (landskönnun).

# Samantekt:

1. Þörf öryrkja fyrir heilbrigðisþjónustu er mun meiri en þeirra sem ekki eru öryrkjar, bæði vegna líkamlegra og andlegra áskorana.

2. Umtalsverður hópur einstaklinga hérlendis frestar læknisheimsókn og sækir ekki lyf sem þeim er ávísað. Þetta á ekki síst við um öryrkja, lágtekjufólk og einstæða foreldra. Lökust er staða ungra öryrkja, einhleypra öryrkja og öryrkja með lægstar tekjur.

3. Veruleg tengsl eru milli beinna útgjalda einstaklinga og heimila til heilbrigðismála og frestunar læknisþjónustu.

4. Einnig eru veruleg tengsl milli beinna útgjalda einstaklinga og heimila til heilbrigðismála og þess að sækja ekki ávísað lyf í apótek.

5. Umtalsverður hópur einstaklinga býr við verulega kostnaðarbyrði vegna heilbrigðisútgjalda. Þetta á ekki síst við um heimili yngri fullorðinna, fráskilinna, einstæðra foreldra, lágtekjufólks og öryrkja.



# HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA FYRIR SUMA?

**Málþing um öryrkja og heilbrigðisþjónustu**

**Háskólatorgi, HT-101, 5. febrúar**

**Kl. 15:00 - 17:00**